



Starfsáætlun Lýðskólans á Flateyri 2022 – 2023

Tvær námsbrautir eru kenndar við skólann, Hugmyndir, heimurinn og þú og Hafið fjöllin og þú. Stefnan er að taka inn 20 nemendur á hvora braut fyrir skólaárið 2022-2023. Kennsla hefst um miðjan september 2022 og lýkur í byrjun maí 2023. Samhliða kennslu á þessum tveimur brautum verður hafin undirbúningur þriðju námsbrautarinnar sem kennd verður á ensku, vinnuheiti þeirrar námsbrautar er Living in the Arctic. Leitað verður að samstarfsaðilum og styrkjum við undirbúning námsbrautarinnar, stefnt er því að hefja kennslu á haustönn 2023.

Starfsmarkmið:

Endurskoðun námsbrauta

- Yfirfara kennslulýsingar og uppröðun námskeiða
- Sameina námskeið og hanna ný til að bæta flæði náms og námsbrauta
- Endurmat skal byggja á kennslumati nemenda og sjálfsmati kennara.
- Endurmat felst einnig í samantekt námsanna/skólaárs á fundi með nemendum og starfsfólki skólans.
- Bæta við kennslurými til að geta fjölgað nemendum.
- Bæta við tækjabúnaði til að anna nemendafjölda í samráði við kennara.
- <https://lydflat.is/hafid-fjolin-og-thu/>
- <https://lydflat.is/hugmyndir-heimurinn-og-thu/>

Gæðamál

- Gæðamat nemenda- nemendur skila inn kennslumati eftir hvert námskeið sem nýtt er til þess að bæta og endurmeta námskeiðin.
- Gæðamat kennara- kennarar skila inn sjálfsmati þar sem þeir fara yfir námskeiðið í heild, sitt framlag og framlag skólans í þeim tilgangi að bæta gæði námskeiðsins og aðkomu skólans
- Endurvekja fagrád fyrir báðar námsbrautir í þeim tilgangi að endurskoða og endurmeta formlega námskeiðin og námið í heild á þriggja til fimm ára fresti.
- Halda kennarafund á hvorri önn fyrir sig með öllum kennurum.
- Tilnefna trúnaðarmann starfsmanna.
- Sjá eyðublöð í viðhengi

Endurskoðun viðmiða og reglna

- Almennar reglur skólans – yfirfara þær með reynslu fyrstu starfsáranna í huga
- Eineltisáætlun – yfirfara áætlunina og uppfæra með reynslu fyrstu starfsáranna í huga
- Siðareglur nemenda og kennara – yfirfara siðareglur með reynslu fyrstu starfsáranna í huga
- Skólaráð – endurmeta hlutverk út frá reynslu fyrstu tveggja starfsáranna
- <https://lydflat.is/sidareglur/>

Innleiðing skráningarkerfis

- Í skoðun er skráningarkerfið MySchool, velja þarf skráningarkerfi sem uppfyllir kröfur sem til skólans eru gerðar en fellur jafnframt að fjárhagslegu bolmagni skólans

Ný námsbraut

- Hefja þarf þróun námsbrautar með áherslu á „Living in the Arctic“ kennd á ensku
- Setja upp drög að námskeiðum í anda „Living in the Arctic“
- Sækja um styrki til að setja saman fagråd um námsbrautina og til þróunar á brautinni

Kynningar-, markaðs- og inntökumál

- Inntaka nemenda, yfirfara inntökuviðtöl og inntökuskilyrði út frá kröfum námskeiða varðandi getu og erfiðleikastig (mikilvægt sérstaklega fyrir útivistarbraut)
- Hvenær opnar fyrir umsóknir, yfirfara hversu snemma á að opna fyrir umsóknir og hversu lengi frestur til umsókna á að vera, hvenær viðtöl eiga að byrja og formleg inntaka umsækjenda
- Uppfæra skóladagatal með tilliti til nýrrar uppröðunar námskeiða og dagsetninga, fara yfir hvaða kennarar halda áfram og hvar þarf nýja
- Markaðsáætlun, markaðsstefna- uppfæra áætlunina í samræmi við markmið um inntöku næsta skólaárs
- Fylgjast með framgangi nýbyggingar nemendagarða til að meta fjölda nemenda sem hægt verður að taka inn fyrir næsta skólaár

Tímalína milli ráðuneytis og Lýðskólans á Flateyri

- Ráðuneytið greiðir Lýðskólanum 10 milljónir við undirritun samnings
- Lýðskólinn skilar ráðuneytinu starfsáætlun með helstu starfsmarkmiðum fyrir lok mars 2020
- Ráðuneytið greiðir Lýðskólanum 30 milljónir 1. Ágúst 2020
- Ráðuneytið greiðir Lýðskólanum 30 milljónir 2. Janúar 2021

- Lýðskólinn skilar ráðuneytinu greinagerð um framkvæmd samningsins og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun sbr. Starfsáætlun fyrir lok júlí 2021
- Lýðskólinn veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins og vegna opinberrar upplýsingagjafar- þegar um það er beðið
- Lýðskólinn skilar gögnum fyrir úttekt á styrktarsamningi og hvernig tekist hafi á samningstímabilinu fyrir 12. október 2021
- Ráðuneytið greiðir Lýðskólanum 30 milljónir 1. Ágúst 2021
- Ráðuneytið greiðir Lýðskólanum 30 milljónir 1. Janúar 2022
- Ráðuneytið greiðir Lýðskólanum 30 milljónir 1. Ágúst 2022